

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/1314*  
*komudagur 19.3.2009*

Umhverfisnefnd Alþingis  
Hildur Eva Sigurðardóttir  
nefndaritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2009  
2009030003/42-1-1  
TB  
jgó/tb

**Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 64/1965 og lögum nr. 116/2006**


Vísað er til bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 5. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, og lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Frumvarpið miðar fyrst og fremst að því að færa starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar undir umhverfisráðuneytið og einnig hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskistofnum.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að framangeint frumvarp verði að skoða í víðara samhengi. Umhverfisráðuneytið hefur nú þegar hafið skoðun á því hvort hægt sé að sameina stofnanir eða flytja verkefni innan ríkiskerfisins m.a. vegna núverandi ástands í þjóðfélaginu og til að styrkja málflokka ráðneytisins og bæta rekstur stofnana þess. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að horfa til allra málaflokka, verkefna og verksviða jafnt innan einstakra ráðuneyta sem milli ráðuneyta við framangreint og fellur frumvarpið hér að ofan undir það.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

